

## Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna haustið 2015

### Strandasýsla

Að þessu sinni fór afkvæmarannsókn á kollóttum hrútum fram að Smáhömrum í Steingrímsfirði. Tveir aðkomuhrútar voru fegnir til prófunar auk heimahrúta á Smáhömrum. Aðkomuhrútarnir voru Voði 13-112 frá Heydalsá og Frakkur 13-155 frá Árbæ til heimils að Skjaldfönn. Aukahrútur í prófun var svo Borkó 11-681 frá Bæ í Árneshrepp sem var fenginn til notkunar á hryndum ám á Smáhömrum síðasta vetur.

Mælingar á lifandi lömbum var framkvæmd 23. september. Stórum hluta hrútlamba var slátrað daginn eftir en gimbrarlömbin var slátrað í október. Um ómmælingar sá Eyjólfur Ingvi Bjarnason og dóma Eyþór Einarsson. Við uppgjör rannsóknarinnar er einungis tekið mið af lömbum sem genu undir sem tvílembingar.

Mikið af falllegum lömbum mátti finna í rannsókninni á Smáhömrum í haust. Enginn einn hrútur átti áberandi meira af yfirburðarlömbum en annar. Við uppgjör á lifandi lömbum stendur þó Kroppur 12-078 ofarlega í hrútlömbum en um miðja rannsókn við uppgjör gimbrarlamba. Í kjötmati gefur hann svo heldur léttari lömb en meðaltal rannsóknað og gerð talsvert undir meðaltali.

Sömu sögu má segja um Vörð 14-091 sem kemur vel út við uppgjör hrútlamba en er heldur undir meðaltali við uppgjör gimbrarlamba. Kjötmat afkvæma hans var hins vegar mun hagstæðara.

Borkó 11-681 frá Bæ átti góðan hóp afkvæma og stendur efstur eftir uppgjör rannsóknar fyrir gimbrar og er ofarlega við uppgjör hrútlamba. Afkvæmi hans eru mjög þroskamikil, oft örlítið gróf um frambart en afbragðs hold á baki, mölum og í lærum. Sláturlömb undan honum hafa gegnum tíðina flokkast vel og gerðu það einnig á Smáhömrum í haust. Var því ákveðið að fala Borkó til notkunar á sæðingastöð.

Voði 13-112 frá Heydalsá á einnig góðan hóp afkvæma þarna og ofarlega við uppgjör bæði fyrir hrúta og gimbrar. Voði var jafnframt að skila afbragðs afkvæmahóp heima á Heydalsá og var því einnig falaður til notkunar á sæðingastöð.

## Smáhamrar

### Hrútlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Fallþ.e.	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	
Vörður	14-091	Bingó	13-056	103,6	104,8	129,3	112,6	18,3	10,7	7,9	29,0	2,8	17,9	
Kroppur	12-078	Ómur	11-075	101,1	97,0	134,9	111,0	17,5	9,4	6,7	29,8	3,1	17,7	
Borkó	11-681	Púki	06-807	92,5	110,6	122,3	108,5	18,8	10,2	7,8	29,0	2,7	17,6	
Glanni	14-088	Ás	09-877	107,3	98,6	116,3	107,4	17,7	9,9	6,8	29,0	3,0	17,5	
Valur	12-079	Drangur	09-606	107,0	103,8	100,0	103,6	18,2	10,4	7,5	28,5	3,6	17,8	
Rammi	14-086	Aðall	13-054	95,8	111,5	101,7	103,0	19,6	10,5	8,2	28,2	2,9	17,7	
Voði	13-112	Roði	10-897	97,5	101,3	109,0	102,6	18,0	10,4	7,9	28,6	3,4	17,8	
Kópur	13-052	Stafur	10-645	100,2	103,4	103,3	102,3	18,2	10,5	7,8	28,7	3,6	17,7	
Svalur	13-051	Ásaþór	11-167	108,8	101,8	92,4	101,0	18,0	11,2	8,1	28,4	3,9	17,6	
Hrollur	14-092	Stafur	10-645	91,2	98,4	104,2	97,9	17,6	10,3	8,1	28,1	3,1	17,6	
Kubbur	11-072	Sigurfari	09-860	113,3	99,3	74,9	95,8	17,8	10,8	7,6	26,3	3,3	17,4	
Hringur	13-053	Hergill	08-870	90,4	100,7	87,5	92,9	17,9	9,9	7,6	27,7	3,2	17,5	
Kopar	14-090	Sigurfari	09-860	103,7	89,5	82,6	91,9	16,9	9,8	6,9	27,2	3,5	17,5	
Rafall	13-057	Rumur	12-082	97,8	93,5	83,2	91,5	17,2	10,2	7,6	26,8	3,1	17,4	
Leynir	14-089	Sigurfari	09-860	97,0	91,5	75,8	88,1	16,9	9,4	6,8	26,3	3,1	17,3	
Frakkur	13-155	Eitill	12-043	90,6	96,8	71,8	86,4	17,5	10,0	7,7	26,7	3,7	17,5	
									<b>17,8</b>	<b>10,2</b>	<b>7,5</b>	<b>28,1</b>	<b>3,2</b>	<b>17,6</b>

### Gimbrarlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Fallþ.e.	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	
Borkó	11-681	Púki	06-807	92,5	110,6	125,1	109,4	18,8	10,2	7,8	28,7	2,9	17,7	
Svalur	13-051	Ásaþór	11-167	108,8	101,8	104,7	105,1	18,0	11,2	8,1	27,8	3,4	17,8	
Voði	13-112	Roði	10-897	97,5	101,3	111,0	103,3	18,0	10,4	7,9	27,8	3,3	17,8	
Hringur	13-053	Hergill	08-870	90,4	100,7	118,4	103,2	17,9	9,9	7,6	28,6	3,3	17,8	
Glanni	14-088	Ás	09-877	107,3	98,6	99,7	101,9	17,7	9,9	6,8	28,1	3,4	17,6	
Valur	12-079	Drangur	09-606	107,0	103,8	93,9	101,6	18,2	10,4	7,5	27,1	3,3	17,6	
Kroppur	12-078	Ómur	11-075	101,1	97,0	103,6	100,6	17,5	9,4	6,7	27,8	3,1	17,6	
Rammi	14-086	Aðall	13-054	95,8	111,5	91,7	99,7	19,6	10,5	8,2	27,5	3,1	17,5	
Vörður	14-091	Bingó	13-056	103,6	104,8	89,3	99,2	18,3	10,7	7,9	27,3	3,4	17,6	
Rafall	13-057	Rumur	12-082	97,8	93,5	105,0	98,8	17,2	10,2	7,6	27,6	2,9	17,5	
Leynir	14-089	Sigurfari	09-860	97,0	91,5	106,7	98,4	16,9	9,4	6,8	27,5	2,8	17,6	
Kópur	13-052	Stafur	10-645	100,2	103,4	87,6	97,1	18,2	10,5	7,8	26,5	3,2	17,6	
Kubbur	11-072	Sigurfari	09-860	113,3	99,3	74,7	95,8	17,8	10,8	7,6	26,5	3,9	17,7	
Hrollur	14-092	Stafur	10-645	91,2	98,4	95,8	95,1	17,6	10,3	8,1	27,9	3,8	17,7	
Frakkur	13-155	Eitill	12-043	90,6	96,8	95,9	94,4	17,5	10,0	7,7	27,2	3,0	17,4	
Kopar	14-090	Sigurfari	09-860	103,7	89,5	84,9	92,7	16,9	9,8	6,9	26,8	3,5	17,4	
									<b>17,8</b>	<b>10,2</b>	<b>7,5</b>	<b>27,6</b>	<b>3,2</b>	<b>17,6</b>

## Hjarðarfell

Á Hjarðarfelli voru heimahrútar í samanburði en þar má finna gott úrval bæði hyrndra og kollóttu hrúta. Mælingar á lömbum fóru fram 15 september og 7 október. Um ómmælingar sá Eyjólfur Ingvi Bjarnason og dóma Lárus G. Birgisson. Unnið er með lömbin gengin sem tvílembingar í uppgjöri.

### Hrútlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Fallþ.e.	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	
Stólpi	13-787	Klaki	11-772	129,2	94,9	116,0	113,4	16,9	9,9	5,6	29,0	2,6	17,3	
Skalli	12-775	Snær	10-761	103,2	105,4	112,6	107,1	17,8	9,2	5,9	29,7	3,1	17,3	
Hrauni	12-776	Þráður	07-742	98,7	102,7	118,7	106,7	17,5	10,3	7,2	30,0	3,4	17,6	
Serkur	13-783	Sindri	10-759	97,2	110,4	103,1	103,6	18,2	9,8	6,7	28,8	3,3	17,5	
Glanni	14-790	Foss	12-780	116,2	92,1	96,3	101,5	16,5	10,2	6,3	27,5	2,7	17,4	
Fláki	14-791	Hrauni	12-776	107,1	92,7	97,8	99,2	16,7	9,3	5,9	27,5	2,4	17,4	
Sómi	14-788	Baugur	10-889	97,0	101,3	98,1	98,8	17,4	9,4	6,3	27,7	2,8	17,5	
Bangsi	12-778	Vafi	09-510	108,8	101,4	84,7	98,3	17,4	10,0	6,5	26,9	2,5	17,3	
Straumur	12-781	Klaki	11-772	83,1	102,5	93,9	93,2	17,5	9,2	6,7	28,2	2,7	17,2	
Smári	14-792	Stólpi	13-787	71,7	97,7	103,9	91,1	17,1	9,2	7,0	29,0	2,8	17,2	
Snarfari	14-789	Sigurfari	09-860	88,4	102,2	68,6	86,4	17,5	9,5	6,8	27,1	3,3	17,0	
									<b>17,3</b>	<b>9,6</b>	<b>6,4</b>	<b>28,3</b>	<b>2,8</b>	<b>17,3</b>

### Gimbrarlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Fallþ.e.	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	
Stólpi	13-787	Klaki	11-772	129,2	94,9	106,9	110,3	16,9	9,9	5,6	29,0	2,8	17,4	
Bangsi	12-778	Vafi	09-510	108,8	101,4	113,9	108,0	17,4	10,0	6,5	29,6	3,0	17,3	
Skalli	12-775	Snær	10-761	103,2	105,4	112,5	107,0	17,8	9,2	5,9	28,9	2,6	17,3	
Serkur	13-783	Sindri	10-759	97,2	110,4	101,5	103,0	18,2	9,8	6,7	28,1	2,8	17,6	
Glanni	14-790	Foss	12-780	116,2	92,1	99,6	102,6	16,5	10,2	6,3	28,2	2,8	17,6	
Sómi	14-788	Baugur	10-889	97,0	101,3	109,5	102,6	17,4	9,4	6,3	28,9	2,8	17,4	
Hrauni	12-776	Þráður	07-742	98,7	102,7	106,1	102,5	17,5	10,3	7,2	29,2	2,9	17,2	
Fláki	14-791	Hrauni	12-776	107,1	92,7	78,9	92,9	16,7	9,3	5,9	26,2	2,4	17,3	
Snarfari	14-789	Sigurfari	09-860	88,4	102,2	86,7	92,4	17,5	9,5	6,8	27,7	3,0	17,4	
Straumur	12-781	Klaki	11-772	83,1	102,5	86,2	90,6	17,5	9,2	6,7	28,6	3,1	17,2	
Smári	14-792	Stólpi	13-787	71,7	97,7	99,4	89,6	17,1	9,2	7,0	28,7	2,8	17,1	
									<b>17,3</b>	<b>9,6</b>	<b>6,4</b>	<b>28,5</b>	<b>2,8</b>	<b>17,3</b>

Margt glæsilegra lamba kom fram í þessari rannsókn. Við uppgjör eru allir hópar frekar jafnir en efstur stendur Stólpi 13-787 sem var efstur á héraðssýningu lambhrúta á Snæfellsnesi haustið 2013. Stólpi veiktist síðasta vetur og treyst til að gefa nothæft sæði á sæðingastöð. Þeir hrútar sem stóðu næstir honum í rannsókninni voru Hrauni 12-776 og Serkur 13-783. Hrauni hyrndur og Serkur kollóttur. Þeir áttu báðir mikið af prýðisgóðum lömbum og efnilegum hrútsefnum en Serkur gefur áberandi væn lömb. Voru þeir tveir falaðir á stöð að rannsókn lokinni.

## Miðfjarðarhólf

Afkvæmarannsókn var að þessu sinni sett upp í Miðfjarðarhólfi og úrvalshrútum af því svæði safnað saman til notkunar á Þóroddsstöðum ásamt heimahrútum þar. Dómur á lifandi lömbum fór fram með hálf mánaðar millibili um miðjan september og í lok mánaðar. Slátrun lamba í vikunni þar á eftir. Um dóma og mælingar í rannsókninni sáu Eyþór Einarsson og Anna Margrét Jónsdóttir. Við uppgjör rannsóknarinnar er einungis tekið mið af lömbum sem gengu undir sem tvílembingar.

Í rannsóknina voru fengnir 4 aðkomuhrútar sem höfðu sýnt góða útkomu á sínum heimabúum. Einn þeirra var lambhrútur frá Urriðaá, sonur Runna 11-014 sem er nokkuð þekktur kynbótahrútur á svæðinu en reyndist með áhættuafgerð sem hindraði flutning hans á sæðingastöð. Aðkomuhrútarnir voru Burkni 13-162 og Borgar 13-164 frá Mýrum 2, Börkur 13-661 frá Efri-Fitjum og Tvistur 14-016 frá Urriðaá.

### Hrútlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Fallþ.e.	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	
Börkur	13-661	Birkir	10-893	115,4	105,9	117,4	112,9	17,8	10,2	6,5	29,5	2,6	17,4	
Burkni	13-162	Birkir	10-893	115,0	97,0	110,6	107,5	17,1	9,9	6,2	29,6	3,0	17,4	
Tvistur	14-016	Runni	11-014	99,1	104,1	107,9	103,7	17,7	9,9	6,8	30,1	3,0	17,3	
Lúður	13-055	Prúður	11-896	106,1	102,7	101,3	103,4	17,5	10,1	6,7	29,3	2,9	17,3	
Prymur	14-054	Þorinn	13-051	90,8	100,1	114,9	101,9	17,3	9,8	7,0	30,2	3,2	17,4	
Gutti	13-053	Gaur	09-879	93,0	103,7	91,4	96,0	17,6	9,8	6,9	28,2	2,7	17,4	
Prjónn	13-056	Páfi	12-052	95,4	103,1	79,9	92,8	17,6	8,9	5,9	28,5	2,9	17,1	
Borgar	13-164	Gumi	09-880	85,1	82,7	77,9	81,9	15,9	8,4	5,9	28,0	2,9	17,2	
									<b>17,3</b>	<b>9,6</b>	<b>6,4</b>	<b>29,2</b>	<b>2,9</b>	<b>17,3</b>

### Gimbrarlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Fallþ.e.	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	
Börkur	13-661	Birkir	10-893	115,4	105,9	118,8	113,4	17,8	10,2	6,5	30,4	3,1	17,3	
Burkni	13-162	Birkir	10-893	115,0	97,0	115,6	109,2	17,1	9,9	6,2	29,6	3,0	17,5	
Lúður	13-055	Prúður	11-896	106,1	102,7	112,2	107,0	17,5	10,1	6,7	29,6	3,0	17,4	
Tvistur	14-016	Runni	11-014	99,1	104,1	112,2	105,1	17,7	9,9	6,8	30,1	3,2	17,4	
Gutti	13-053	Gaur	09-879	93,0	103,7	94,2	97,0	17,6	9,8	6,9	28,8	3,1	17,5	
Prymur	14-054	Þorinn	13-051	90,8	100,1	97,2	96,0	17,3	9,8	7,0	29,4	3,3	17,4	
Prjónn	13-056	Páfi	12-052	95,4	103,1	63,0	87,2	17,6	8,9	5,9	28,2	3,2	17,0	
Borgar	13-164	Gumi	09-880	85,1	82,7	83,6	83,8	15,9	8,4	5,9	28,0	2,7	17,2	
									<b>17,3</b>	<b>9,6</b>	<b>6,4</b>	<b>28,5</b>	<b>2,8</b>	<b>17,3</b>

Mörg fallleg lömb komu til skoðunar í rannsókninni og efstir standa hálfbræður undan Birki 10-893, Burkni frá Mýrum og Börkur frá Efri-Fitjum. Báðir eru að skila góðum afkvæmahópum og því báðir faladur til notkunar á sæðingastöð að rannsókn lokinni. Áfram verðu fylgst með Tvist 14-016 sem einnig var að skila góðum niðurstöðum.

## Ytri - Skógar

Líkt og um árabíl voru veturgömlu hrútarnir í Ytri-Skógum í samanburði þar sem eingöngu hrútlömbin undan þeim voru skoðuð. Lifandi lömb voru mæld í lok september af þeim Jóni Viðari Jónmundssyni og Fanney Ólöfu Lárusdóttur. Kjötmatssupplýsingar byggja svo á sömu lömbum að undanskildum þeim hrútum sem valdir voru til lífs.

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Fallþ.e.	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Grímur	14-512	Lækur	13-928	127,8	96,9	123,4	116,0	17,5	12,0	6,2	30,0	2,1	17,9
Kaldi	14-514	Varmi	13-485	95,0	91,0	129,0	105,0	16,7	9,8	5,5	30,5	2,0	17,8
Svimi	14-510	Hængur	10-903	95,6	103,7	110,0	103,1	18,2	11,3	7,1	29,8	2,1	17,6
Flótti	14-507	Myrkvi	10-905	86,0	106,9	108,1	100,3	18,7	10,3	6,5	29,8	2,2	17,7
Uggi	14-509	Hængur	10-903	94,3	95,8	102,3	97,5	17,3	10,5	6,2	29,0	2,0	17,6
Viður	14-513	Hlynur	13-481	94,1	102,9	90,9	96,0	18,1	9,8	5,6	28,8	2,1	17,4
Glaður	14-511	Bósi	08-901	100,0	102,5	80,1	94,2	18,1	10,7	6,2	28,4	2,4	17,7
Heiðar	14-508	Myrkvi	10-905	103,4	100,7	65,5	89,9	17,9	10,0	5,4	27,2	2,1	17,5
								<b>17,8</b>	<b>10,5</b>	<b>6,1</b>	<b>29,1</b>	<b>2,1</b>	<b>17,7</b>

Efstur í rannsókninni er Grímur 14-512 sonur Læk sem efstur stóð fyrir ári síðan og var falaður til notkunar á sæðingastöð þá. Móðurfaðir Gríms er Grábotni 06-833. Grímur er sterkur fyrir alla megin þætti rannsóknarinnar en fallþungi afkvæma aðeins undir meðaltali.

Kaldi 14-514 á einn afbragðshóp, sérstaklega við mælingar lifandi lamba en í kjötmati snerist dæmið við þar hann átti léttasta hópinn.

Svimi 14-510 átti mjög öflugan hóp þó ekki keppi hann kannski við Grími við uppgjör lifandi lamba. Kjötmat þeirra var afbragðs gott en þau voru heldur yfir meðallagi með þunga og fita var einnig meiri á afkvæmum Svima.

Að rannsókninni lokinni var ákveðið að fala þá Grím og Svima til notkunar á sæðingastöð.